

Sp.

998. Þingsályktun

um ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

(Afgreidd frá Sp. 30. jan.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast viðbótarlán vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, allt að 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsundum — króna, þó ekki yfir 85% virkjunarkostnaðar, gegn þeirri tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.